



Morgunblaðið/Ómar.

Skönnunarmiðstöð sett á laggirnar hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði

Skönnunarmiðstöð þinglýstra skjala hefur nú verið sett á laggirnar hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Fasteignamat ríkisins. Í miðstöðinni verða eldri þinglýst skjöl fyrir allt landið færð yfir á rafrænt form.

Byrjað verður á því að skanna skjöl frá umdæmi sýslumannsins á Ísafirði, síðan skjöl frá sýslumanninum í Reykjavík og svo koll af kolli þar til skjöl frá öllum embættum í landinu hafa verið skönnuð. Starfsmenn við verkefnið eru tveir en ráðgert er að fjölga þeim í fjóra.



Sýslumaður og starfsfólk sem tekur þátt í skönnunarverkefninu á Ísafirði. F.v. Kristín Völundardóttir sýslumaður, Jónína Guðmundsdóttir og Sigríður Gísladóttir, starfsmenn skönnunarmiðstöðvarinnar, og Anna Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri.

Verkefnið var sett af stað að frumkvæði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og er það liður í átaki stjórnvalda til styrktar atvinnulífi á Vestfjörðum. Jakob Magnússon, sérfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skúli Þór Gunnsteinsson, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Kristín Völundardóttir, sýslumaður á Ísafirði, og Ólafur Hallgrímsson, fulltrúi hjá sýslumanninum á Ísafirði, höfðu veg og vanda af undirbúningi og framkvæmd verkefnisins.

Markmiðið með verkefninu er í grundvallaratriðum að virk þinglýst skjöl og allar eignarheimildir sem eru til á skrá í skjalageymslum sýslumannsembættinu verði aðgengileg á rafrænu formi hjá hvaða sýslumannsembætti sem er, þ.e.a.s. að ekki þurfi sérstaklega að sækja skjöl á geymslustaði til að ljósrita og afhenda viðskiptavinum. Ef verkefnið þróast eins og væntingar standa til munu skapast möguleikar á því að bjóða upp á alhliða þjónustu við skönnun á hinum ýmsu skjölum fyrir stofnanir og fyrirtæki.

Grunnur að rafrænum þinglýsingum

Skönnunarverkefnið er veigamikill grunnur að því sameiginlega verkefni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins að þinglýsingar verði að mestu leyti pappírslausar í framtíðinni. Þannig verði hægt að þinglýsa og aflýsa veðskjöllum alfarið á rafrænan hátt í gegnum netið. Einnig verði hægt að veita aðgang að þinglýstum upplýsingum með rafrænum hætti, s.s. að öllum þinglýstum skjölum, auk þess sem veðbókartvörorð verði gefin út með rafrænni undirritun sýslumanns. Þetta er eitt þeirra verkefna sem lagt er til að hrint verði í framkvæmd í tengslum við stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012.

Frumforsenda þess að rafrænar þinglýsingar geti orðið að veruleika er að einstaklingar og lögaðilar geti gert grein fyrir sér með sannanlegum hætti

á netinu og að eldri þinglýst skjöl séu einnig til á rafrænu formi. Í fjármálaráðuneytinu er nú unnið að þróun rafrænna skilríkja og rafrænna undirskrifta í samvinnu við fjármálastofnanir og á vinnu við það verkefni að ljúka á þessu ári.

Ný verkefni til sýslumanna

Verkefnið á Ísafirði er eitt þeirra nýju verkefna sem sýslumenn hafa tekið að sér frá því nýskipan í starfi þeirra tók gildi 1. janúar 2007. Þá voru ýmis verkefni flutt frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stofnunum þess í samræmi við áform Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra um að efla og styrkja sýslumannsembættin utan höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið er að sýslumannsembættin verði nokkurs konar útstöð stjórnarsýslunnar á landsbyggðinni.

Stjórn Sýslumannafélags Íslands hefur undanfarna mánuði fundað með ráðherrum ríkisstjórnarinnar til að kynna þá möguleika sem bjóðast hjá embættunum við úrvinnslu ýmissa verkefna innan stjórnarsýslunnar. Hér að neðan eru nokkur dæmi um verkefni sem flutt hafa verið til sýslumannsembættu víða um land frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eða stofnunum þess:

- Útgáfa Lögbirtingablaðsins fluttist til sýslumannsins í Vík sem og veiting leyfa fyrir rekstur útfararþjónustu.
- Sýslumannsembættin um allt land eru móttökumiðstöðvar fyrir umsóknir um dvalarleyfi og vegabréf.
- Sýslumaðurinn á Sauðárkróki annast framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt sérstakri skipulagsskrá.
- Sýslumaðurinn í Stykkishólmi heldur skrá um kaupmála fyrir landið allt.
- Sýslumaðurinn í Búðardal annast veitingu leyfa til ættleiðingar.
- Sýslumaðurinn á Hvolsvelli annast veitingu happdrættisleyfa.
- Sýslumaðurinn í Hafnarfirði annast löggingu fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
- Sýslumaðurinn á Hólmavík annast löggingu dómtúlka og skjalapýðenda.
- Sýslumaðurinn á Blönduósi annast innheimtu sekta- og sakarkostnaðar. (Innheimtumiðstöð sekta- og sakarkostnaðar).
- Sýslumaðurinn á Siglufirði annast málefni bótanefndar.

